

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, fimmtudagur, 3. febrúar 2022
UST202201-265/B.S.
10.05.01

Efni: Rannsóknarleyfi og leyfi til leitar - Reykjaneshryggur og Norðurland

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi.

Tilgangur rannsókna er að afla upplýsinga um tilgreind háhitasvæði til að meta hvort hér sé um að ræða svæði sem henta til raforkuframleiðslu.

Fyrstu rannsóknir felast í fjölgeisla dýptarmælingum og hátíðni hljóðendurvarpsmælingum til að skoða álitleg háhitasvæði og misgengi til kanna hvort jarðhitavatn og/eða gas streymi frá þeim. Lýst er ýmsum örðum mælingum sem ekki fela í sér rask á hafsbotni nema það sem kallast „Seafloor dredging“ sem felst í því að plógur eða botnvarpa verða dregin eftir botni til að ná m.a. útfellingum á hafsbotni. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að fara í rannsóknir með botnvörpu eða aðrar rannsóknir sem raskað geta hafsbotninum fyrr en svæði sem verða skoðuð með þessum hætti hafa verið metin.

Umhverfisstofnu telur að skipta eigi fyrirhuguðum rannsóknum í tvennt. Fyrst verði farið í rannsóknir eins og þeim er lýst í umsókninni á bls. 10-14 sem ekki hafa áhrif á fyrirbæri eins og t.d. hverastrýtur sem mögulega er að finna á rannsóknarsvæðunum.

Í seinni áfanga rannsókna telur Umhverfisstofnun að áður en ráðist verði í boranir eða aðrara rannsóknir sem hafa í för með sér rask á hafsbotni verði búið að leggja mat á þau svæði sem skoða skal með borunum, til að ganga úr skugga um að þar sé ekki að finna fyrirbæri neðansjávar eins og t.d. hverastrýtur og einnig hvort nýting á jarðhitavökva á þessum svæðum gæti haft neikvæð áhrif á lífríki og hverasvæði neðansjávar. Leita ætti til fagstofnana með sérþekkingu á hverasvæðum neðansjávar og lífríki þeirra.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur

